

# Stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga þann 17. febrúar 2012. Kl. 13.00 í Blönduvirkjun.

Dagskrá:

1. Lögfræðileg samantekt um skattlagningu orkumannvirkja.
2. Samstarfið við Samband íslenskra sveitarfélaga.
3. Boð á ráðstefnu LVK.
4. Hugsanleg aðild að jarðvarmaklasanum.
5. Önnur mál.

Mættir voru á fundinn í Blönduvirkjun Tryggvi Harðarson, Jens P Jensen og Eydís Þ. Indriðadóttir. Þátttakendur í síma voru: Gunnar Þorgeirsson og Gunnar Axel Axelsson.

## 1. Lögfræðileg samantekt um skattlagningu orkumannvirkja.

Fyrir fundinum lágu drög að greinargerð frá Veritas Lögmönnum (Skarphéðinn Pétursson, hrl) á því hvort orkumannvirki falli undir undanþágu laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og um greiðslu fasteignaskatts af þeim.

Tryggvi Harðarson kynnti og fór yfir drögin frá lögmanni en endanleg greinargerð verður sennilega til í næstu viku.

Tryggva var falið að fá sem fyrst fund með ráðherra um málið. Í framhaldinu verði málið kynnt fyrir fjölmiðlum.

## 2. Samstarfið við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Stefán Bogi og Tryggvi hafa fundað með fulltrúum Samb.ísl. sveitarfélaga. Sambandið hefur tilgreint tengilið við SO.

SO verður vistað hjá Samb. Ísl. sveitarfélaga (bókhald, skjalavarsla og fl.) og áætlað er að greiðsla fyrir þá þjónustu verði um 150 þúsund kr. á ári.

Tryggva var veitt umboð til þess að ganga frá samningum við Samb. ísl. sveitarfélaga um þjónustuna. Þegar samningur liggur fyrir verður hann sendur stjórninni til staðfestingar.

## 3. Boð á ráðstefnu LVK.

LVK (Samband orkusveitarfélaga í Noregi) hefur boðið So að senda tvo fulltrúa á ráðstefnu sem verður haldin í nágrenni Osló 8 og 9 mars n.k. Tryggvi lagði til að formaður og varaformaður sækji ráðstefnuna. Kostnaður gæti orðið um 300 þúsund kr.

Stjórnin samþykkti samhljóða að þessir fulltrúar sækji ráðstefnuna.

#### **4. Hugsanleg aðild að jarðvarmaklasanum.**

Talið er eðlilegra að þau sveitarfélög í SO sem hagsmuna eigi að gæta varðandi nýtingu jarðvarma ákveði hvort þau taki þátt í þessu verkefni.

#### **5. Önnur mál.**

Tuttugu sveitarfélög hafa sótt um aðild að SO. Stjórnin samþykkti að staðfesta þessi sveitarfélög sem stofnaðila SO. Jafnframt bendir stjórnin á að sveitarfélög sem telja sig eiga hagsmuna að gæta á sviði orkumála geta sótt um aðild að sambaninu í samræmi við samþykktir þess.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 30. mars n.k. í Ölfusi.

#### **Fundi slitið kl. 14.00**

**Eftir fundinn þágu fundargestir veitingar og fóru í kynnisferð um Blöndustöð í fylgd Guðmundar Stefánssonar stöðvarstjóra. Guðmundur kynnti einnig fyrirhugaðar framkvæmdir við stækkun Blönduvirkjunar.**